

maður 1511142
2533

Rekstrarsamningur

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur „Hafnarfjarðarbær“ og Golfklúbburinn Setbergi kt. 630295-2549, hér eftir nefndur „GSE“ eða „Íþróttafélagið, gera með sér samning um rekstur skrifstofu félagsins, uppbyggingu barna- og unglíngastarfs og styrks vegna rekstrar.

I. Umfang samnings

1. gr.

Samningurinn gildir um rekstur á skrifstofu félagsins og styrkur vegna rekstrar golfvallar og uppbyggingu barna og unglíngastarfs. Aðalstjórn GSE er ábyrg fyrir rekstri íþróttamannvirkja- og svæða.

II. Rekstur íþróttasvæðis GSE

2. gr.

Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir hluta af rekstrarkostnað íþróttasvæða GSE skv. fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar ár hvert.

Greiðslur fyrir rekstur skrifstofu fyrir árið 2016 er kr. 400.000. En þessi liður fellur niður þegar nýr þjónustusamningur tekur gildi.

Greiðslur fyrir uppbyggingu barna og unglíngastarfs vegna ársins 2016 er kr. 200.000 og styrkur við rekstur golfvallar er kr. 200.000.

Samtals verða greiðslur fyrir árið 2016 800.000 kr og skal GSE senda inn reikning fyrir stuðningi Hafnarfjarðarbæjar á þriggja mánaða fresti

Aðalstjórn GSE felur framkvæmdastjóra að sinna skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

Framkvæmdastjóri skal starfa í nánu samstarfi við íþrótt- og tómsundafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og hann verður að gæta þess að starfsemi GSE brjóti ekki í bága við almennar reglur Hafnarfjarðarbæjar um rekstur slíkra íþróttamannvirkja. Hann skal sækja þá fundi sem íþrótt- og tómsundafulltrúi telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi íþróttamannvirkja í Hafnarfirði og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli GSE og Hafnarfjarðarbæjar. Hann skal einnig leitast við að aðlaga rekstur GSE að þeim ábendingum sem íþrótt- og tómsundafulltrúi kemur á framfæri fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

Íþrótt- og tómsundafulltrúi skal aðstoða GSE við að byggja upp barna- og unglíngastarf.

III. Upplýsingaskylda íþróttafélagsins og viðurlög

3. gr.

GSE er skylt að halda bókhald vegna rekstrar GSE sem skal fært samkvæmt almennum reikningskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.

- GSE skal skila rekstraráætlun til íþrótt- og tómsundafulltrúa fyrir 15. september ár hvert.
- GSE skal skila ársreikningi til íþrótt- og tómsundafulltrúa fyrir 15. apríl ár hvert.

Á grundvelli ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir frekari skýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn. Verði GSE ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur frá næstu mánaðamótum eftir skiladag uns úrbætur hafa átt sér stað.

H.F.
A. L. H.

Telji íþróttá- og tómstundafulltrúi að GSE sé ekki rekin samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði GSE ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum frá næstu mánaðamótum uns úrbætur hafa átt sér stað.

IV. Ýmislegt

4. gr.

Hafnarfjarðarbær mun upplýsa GSE um allar breytingar sem tengjast skipulögðu golfsvæði við Hamarsvöll og standa fyrir viðræðum við golfklúbbinn varðandi uppbyggingu svæðisins.

5. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2016 og gildir til 31. desember 2016. Eftir þann tíma framlengist samningurinn sjálfkrafa þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun/uppsögn með sex mánaða fyrirvara.

6. gr.

Samningur þessi telst fylgiskjal við samstarfssamning frá árinu 2008 milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Verði gerðar breytingar á þeim samningi telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.


7. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.


Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 5. janúar 2016

Fh. Golfklúbbsins Setbergi
með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar



Fh. Hafnarfjarðarbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

